

til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## **REGLUGERÐ**

**um takmörkun á síldveiði íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak.**

### **1. gr.**

Allar síldveiðar íslenskra skipa í Norðursjó og Skagerak eru bannaðar nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins. Gildir þetta á svæði, sem takmarkast að norðan af 62° n.br., að vestan af 4° v.lgd. frá 62° n.br. að strönd Skotlands og í Ermarsundi af 1° v.lgd. Að austan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er milli Skagen og Pater Noster vita.

### **2. gr.**

Ráðuneytið getur bundið veiðileyfi skv. 1. gr. þeim skilyrðum, er þurfa þykir til þess að tryggja að síldarafli sé ætlaður til manneldis eingöngu og framkvæmd þeirra veiðikvóta og reglna, sem samþykktar hafa verið eða kunna að verða samkvæmt 7. gr. alþjóðasamnings um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, er gerður var í London 24. janúar 1959.

### **3. gr.**

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála, og varðar brot viðurlögum samkvæmt 2. gr. laga nr. 14 30. mars 1960.

### **4. gr.**

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959, um fiskveiðar í norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðhæti, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru felldar úr gildi auglýsingar nr. 8 10. febrúar 1972 um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak og nr. 28 23. janúar 1974 um breytingar á hinni fyrrnefndu.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. júlí 1974.*

**Lúðvík Jóseppson.**

*Jón L. Arnalds.*